

Gróðurfar á veglínunni Jökulsárbrú á Fjöllum - Biskupsháls

Greinargerð til Vegagerðarinnar, Akureyri

Hörður Kristinsson, grasafræðingur

Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri

Akureyri, ágúst 1995

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri tók Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri að sér gróðurkönnun á veglínu frá Jökulsárbrú á Fjöllum austur á Biskupsháls, um 13 km leið. Könnunin var gerð 2. ágúst 1995. Veglínan var gengin og blómplöntur og byrkningar skráðir á 12 svæðum með mismunandi gróðurlendi. Þessi tólf svæði þar sem plöntur voru skráðar, eru að lengd samtals tæpir 5 km að lengd. Þar sem stærsti hluti veglínunnar liggur eftir lítt grónum melum, og voru aðeins teknar nokkrar prufur af því gróðurlendi.

Fjölbreytni tegunda

Alls voru skráðar 91 tegund háplantna á nefndri veglínu. Það verður að teljast fremur lítið miðað við þá vegalengd sem skoðuð var. Ef tegundalistar þessara svæða eru skoðaðir (1. tafla), sést að svæði nr. 4, 8 og 10 skera sig nokkuð úr að því er fjölbreytni varðar, og þau hafa flestar tegundir sem ekki eru á hinum svæðunum. Þetta stafar einkum af því, að í gegn um svæði 4 og 8 renna lækir, og í bollum sem liggja að þeim og í giljum og á bökkum þeirra vaxa tegundir sem ekki eru annars staðar á svæðinu. Veglínan sker hvorn þessara lækja á einum stað. Bæði melarnir, víðiflesjurnar og mýrarnar eru fremur tegundasnaugar.

Ef heildarlistinn er skoðaður sést að þar eru svo til eingöngu tegundir sem eru algengar um allt land. Áberandi er jafnframt hversu margar algengar tegundir vantar á listann. Það er hins vegar í samræmi við þá staðreynd, sem kemur fram af gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu plantna á Íslandi, að þetta landsvæði sem svo mjög er undir áhrifum uppblásturs, er í heild tegundasnautt. Aðeins 4 tegundir hafa þá sérstöðu, að vera sjaldgæfar eða vanta í sumum landshlutum. Þetta eru einkum hvítstör og toppastör, en einnig blástjarna og maríuvendlingur. Þær hafa þó allar sameiginlegt, að vera einkennandi fyrir hið landræna svæði norðan jökla á austanverðu Norðurlandi (sjá útbreiðslukort). Þær mega því allar heita algengar á því svæði, nema helst hvítstör, sem yfirleitt vex mjög strjált. Hún vex á einum stað á veglínunni, þar sem hún sker flagkennt gróðurlendi í votlendisjaðri. Hvítstörin vex eftir þessum votlendisjaðri endilöngum á allstóru svæði, og nær því einnig langt út fyrir veglínuna. Einnig er hún áður fundin á Gömlu Grímsstöðum, Grundarhóli og í Hólsseli. Það er því engin hættá á að hún hverfi af svæðinu, þótt núverandi veglína sé notuð.

Toppastörin er hins vegar mjög algeng á þessu svæði, og einkennandi fyrir votlendisjaðra með rökum, flagkenndum víðiflesjum.

Lýsing einstakra gróðursvæða

1. 32.900 - 33240. Sveigurinn frá Jökulsárbrú og yfir á melana austan Jökulsár er að mestu vaxinn sendinni loðvíðiflesju með töluverðu af fjalldrapa. Næst veginum verður flesjan rakari og er þar töluvert af mýrastör og hálmgresi innan um víðinn.

2. og 3. 33.260 - 33.800 og 36.600 - 36.860. Melasvæði um 3,6 km á lengd. Gróður var aðeins skráður nálægt báðum endum, en ekið var um allt svæðið. Um 20 algengar melaplöntur vaxa á þessu svæði. Einna mest er af blóðbergi, lambgrasi, túnvingli, blásveifgrasi, beitieski, geldingahnapp, ljósbera, þúfu-steinbrjót, melablómi, hvítmöðru og skriðlíngresi. Smávegis er af loðvíði og grávíði á þörtum.

4. 36.900 - 37.200. Þursaskeggsmóar með fjalldrapa. Mikið af holtasóley og túnvingli, minna af loðvíði. Mun meiri fjölbreytni er við Bæjargróf, einkum vegna meiri raka, en einnig í bollum sem eru í gílinu að læknum. Merki um athafnasemi heiðagæsar var áberandi við lækinn á bökkunum, einkum fjaðrir og drit. Allstórt votlendissvæði er til hliðar við þetta svæði norðaustan við veglínuna.

5. 37.500 - 37.800. Í fyrstu þurrir þursaskeggsmóar með miklu af víði og fjalldrapa, blandað bláberjalyngi. Austar verður blautara og verður þá auk víðisins hrossanál, mýrastör og hálmgresi, en þursaskeggið hverfur. Þar sem grunnvatnsstaðan er hæst (37.700) er vottur af gulstör og hengistör innan um mýrastörina. Skammt sunnan við veglínuna á þessum stað er lítil tjörn, og voru merki um athafnasemi heiðagæsar á bökkum hennar. 10 heiðagæsir flugu yfir um leið og gróðurskoðunin fór fram. Þar sem votlendið endar, eru bollar með klukkublómi í brekku sem leiðir upp á þurran mel.

6. 37.820 - 38.040. Malarsvæði með fátæklegum melagróðri.

7. 38.060 - 38.360. Melar og foksandssvæði með melgrasi og vallhumli. Einnig má greina leifar af fyrri gróðri í foksandinum, svo sem friggjargrasi, mýrasóley, tungljurt og grasvíði.

8. 39.340 - 39.860. Veglínan liggur þarna í mýrarjaðri og þræðir að nokkru lágur melbungur sem liggja út í mýrina. Aðalmýrlendið er norðaustan við veglínuna, og þar er lítið stöðuvatn. Lækur með gruggugu mýrarkelduvatni rennur í skurði gegn um mýrina, og sker veglínann hann. Við lækinn vaxa vegarfi, hrafnafífa, fjallafoxgras, ljónslappi, ljósadúnurt og heiðadúnurt. Aðalgróður mýrlendisins þar sem veglínan liggur yfir hann er mýrastör, klófífa og hálmgresi auk loðvíðis og klóelftingar. Vatn stendur í henni þar sem hún er blautust. Töluvert af gróðursvæði veglínunnar í jaðri mýrarinnar er flagkennd víðiflesja með hrossanál, krækilyngi, fjalldrapa og miklu af toppastör. Í flagjaðrinum sunnan að votlendinu er nokkuð af hvítstör og broddastör innan um toppastörina. Veglínan liggur þvert í gegn um þann jaðar.

9. 40040 - 40520. Melar með mjög fátæklegum melagróðri.

10. 40.800 - 41.400. Breytilegt land með melkollum, sandi, þursaskeggshéiði og flagkenndum víðijöðrum með broddastör, hálmgresi og hrossanál.

11. 42.240 - 42.700. Mishæðótt land, sendið og grýtt, þar sem veglínan liggur upp á hálsinn. Vottar fyrir fátæklegum snjóðældagróðri (grasvíði, grámullu, túnfífla) í gildrögum.

12. 44.000 - 44.500. Melöldur, að mestu ógrónar. Í framhaldi af 44.500 eru svipaðar melöldur áfram þar til kemur niður í Víðidalinn, þar eru sandöldur með melgresi á kafla.

Niðurstöður

Mest af því svæði, sem hér hefur verið fjallað um eru gróðurlitlir melar og sendinn jarðvegur. Aðeins svæði nr. 1, 4, 5, 8 og 10 hafa algróna bletti, mest víðiflesjur og þursaskeggsmóa en einnig votlendisbletti. Bæði þurr- lendið og votlendið er ákaflega tegundasnautt.

Allar háplöntur, sem koma fyrir á svæðinu, eru algengar um allt land, nema toppastör, hvítstör, blástjarna og maríuvendlingur. Þessar tegundir allar eru þó algengar á norðausturverðu landinu, nema helst hvítstör sem vex mjög strjált.

Einu gróðurlendi sem telja má á einhvern hátt sérstæð á landsvísu, eru flagkenndir, fremur rakir jaðrar ríkir af víði, krækilyngi, snjómosa (*Anthelia*), hrossanál og toppastör. Í þessum jöðrum koma einnig fyrir broddastör og hvítstör, en sú síðarnefnda er ein sjaldgæfasta tegund svæðisins. Þessi gróðurlendi eru hins vegar einkennandi fyrir hálendissvæðið norðan jökla frá Brúaröræfum vestur í Skjálfandafljótsdrög, og nokkuð útbreidd þar sem raki er í jarðvegi. Skerðing þeirra á fyrirhugaðri veglínu eru því smámunir einir miðað við útbreiðslu þeirra í þessum landshluta.

Plöntuskrá fyrir veglinu Jökulsárbrú-Þéskupsháls


Latneskt plöntunafn	Íslenskt plöntunafn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	x	x	x	x	x		x			x	x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlingresi	x	x	x	x	x	x	x	x		x		
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi				x			x			x		
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi								x				
<i>Alchemilla filicaulis</i>	Mariustakkur				x								
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	x					x	x			x	x	
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur		x	x	x	x		x	x		x	x	
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	x			x	x		x	x		x		
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra		x		x	x		x	x		x		
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt		x		x	x		x			x	x	
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi	x				x			x		x		
<i>Cardamine nymanii</i>	Hrafnaklukka								x				
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm		x	x			x			x	x	x	x
<i>Carex bicolor</i>	Hvítstör								x				
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör							x					
<i>Carex krausei</i>	Toppastör	x						x	x				
<i>Carex lachenalii</i>	Rjúpastör	x											
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör					x							
<i>Carex maritima</i>	Bjúgstör				x				x		x		
<i>Carex microglochin</i>	Broddastör										x		
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	x			x	x			x		x		
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör					x							
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	x	x	x	x	x		x		x	x	x	x
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi				x				x		x		
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapunktur				x				x			x	
<i>Draba incana</i>	Grávorblóm		x		x			x			x	x	
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley			x	x	x		x				x	
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	x			x	x		x	x		x		
<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt				x								
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	Fjalladúnurt				x								
<i>Epilobium hornemanni</i>	Heiðadúnurt								x				
<i>Epilobium lactiflorum</i>	Ljósadúnurt								x			x	
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	x	x					x	x		x	x	x
<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting					x							
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	x	x	x	x	x		x					
<i>Erigeron boreale</i>	Jakobsfífill										x	x	
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófífa								x		x		
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnafífa								x		x		
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró				x				x				
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull								x				
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra			x	x								
<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras	x			x	x		x					
<i>Gentianella aurea</i>	Gullvöndur					x					x		
<i>Gentianella tenella</i>	Mariuvendlingur	x				x							
<i>Hierochloa odorata</i>	Reyrgresi				x								
<i>Juncus alpinus</i>	Mýrasef	x											
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	x	x		x	x		x	x		x		
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef		x		x								
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef								x				
<i>Kobresia myosuroides</i>	Þursaskegg	x	x		x	x	x	x			x		
<i>Leymus arenarius</i>	Melgresi							x					
<i>Lomatogonium rotatum</i>	Blálilja										x		

Plöntuskrá fyrir veglínu Jökulsárbrú-Biskupsháls


Latneskt plöntunafn	Íslenskt plöntunafn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
<i>Lupinus nootkatensis</i>	Alaskalúpína		x										
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra				x	x			x		x		
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra										x		
<i>Lychnis alpina</i>	Ljósberi	x	x	x	x	x	x	x	x		x		
<i>Minuartia rubella</i>	Melanóra				x						x	x	
<i>Ornithoglossum alpinum</i>	Grámulla												x
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra												x
<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley	x			x	x		x	x		x		
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras				x				x				
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	x			x	x		x	x		x		
<i>Plantago maritima</i>	Kattartunga	x											
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras				x			x	x		x		
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	x	x		x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras		x	x			x			x	x	x	x
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras				x	x			x				
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm				x	x			x				
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra		x	x	x			x		x	x	x	x
<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækil				x								x
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	x	x				x	x	x				x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	x		x	x	x	x	x	x		x	x	
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	x			x			x	x		x		
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur		x	x			x		x			x	x
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarblóm												x
<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri											x	
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri	x						x	x		x		
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni				x								
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras		x	x			x	x		x	x	x	x
<i>Silene uniflora</i>	Holurt		x					x		x	x	x	x
<i>Taraxacum</i>	Túnfífill				x			x	x			x	
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras				x								
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras	x			x	x		x	x		x		
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi	x	x			x	x	x			x		
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	x			x			x					
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóra				x								

Skrá yfir rannsóknastöðvar:


1	32.900 - 33.240
2	33.260 - 33.800
3	36.600 - 36.860
4	36.900 - 37.200
5	37.500 - 37.800
6	37.820 - 38.040
7	38.060 - 38.360
8	39.340 - 39.860
9	40.040 - 40.520
10	40.800 - 41.400
11	42.240 - 42.700
12	44.000 - 44.500




Carex krausei
Toppastör



Carex bicolor
Hvítstör



Lomatogonium rotatum
Blástjarna



Gentianella tenella
Mariuvendlingur